

FUNDARGERÐ

Nefnd: Framkvæmdarnefnd

Viðstaddir: Arna Jakobína Björnsdóttir, Árni Egilsson, Anna María Frímannsdóttir, Margrét Sigurðardóttir, Inga Rún Ólafsdóttir, Berglind Eva Ólafsdóttir og Ragnar Ólason

Starfsmenn: Rósa Björk Bergþórsdóttir, Bryndís Guðmundsdóttir og Steinvör Laufey Jónsdóttir

Fundardagur: 13.12.2021

Tími: 10:00 – 11:30

Fundarstaður: Fjarfundur

Farið yfir fundargerð síðasta fundar.

I. Afgreiðsla:

Árborg: 8200-34 – Deildarstjóri í sjálfstæðri búsetu (Sameyki) – endurmat - *Samþykkt*
Sameyki – *Viðstaddur stéttarfélagssfulltrúi:* Guðmundur Freyr Sveinsson
Starf samþykkt með 456 stigum meðfylgjandi er bókun stéttarfélagssfulltrúa

456	60	39	52	26	52	20	30	30	39	39	13	26	30
-----	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----

Bókun stéttarfélagssfulltrúa vegna mats á störfum félagsliða.

Með auglýsingu mennta- og menningarmálaráðherra nr. 361/2021, dags. 17. mars 2021, sem birtist í Stjórnartíðindum þann 31. mars 2021, hafa námslok félagsliða verið færð af 2. á 3. hæfnisþrep (hæfniramma um íslenska menntun).

Starf „Deildarstjóri í sjálfstæðri búsetu“ í Árborg krefst félagsliðamenntunar. Tillaga að mati á starfinu er því samþykkt á öðrum þáttum en 1. þætti, þ.e. þekkingarþættinum.

Álit fulltrúa stéttarfélaganna í starfsmatsnefnd er að þekkingarþátturinn eigi ekki að vera á 3. þrepi með 60 stig, heldur 4. þrepi með 80 stig, samanber auglýsingu mennta- og menningarmálaráðherra frá 17. mars 2021

Um þessa breytingu ríkir samkomulag sem gildir frá og með 1. janúar 2022, samanber samkomulög sem Reykjavíkurborg gerði annars vegar við Eflingu stéttarfélag 26. okt. 2021 og Sameyki - stéttarfélag í almannajónustu hins vegar sem gert var 30. nóv. 2021.

Það er bæði eðlilegt og nauðsynlegt að öll störf félagsliða fái sama mat þar sem um sama starfsmatskerfið er að ræða, enda um sömu kröfur í störf að ræða þegar að þekkingarþættinum kemur.

Akureyri : 6000-94 - Frístundarleiddbeinandi I – endurmat - *Frestað*

Kjölur – *Viðstaddur stéttarfélagssfulltrúi:* Arna Jakobína Björnsdóttir
Ragnar víkur af fundi.

Akureyri: 6000-48 - Starfsmaður á leikskóla - endurmat – *Frestað*

Eining-Iðja – *Viðstaddur stéttarfélagssfulltrúi:* Ragnar Ólason

Árborg: 8200-20– Starfsmaður á heimili fyrir fatlaða II (FOSS) – endurmat - *Samþykkt*

Foss – *Viðstaddur stéttarfélagssfulltrúi:* Árni Egilsson
Starf samþykkt með 434 stigum

434	60	26	39	39	39	30	40	30	39	13	13	26	40
-----	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----

Árborg: 8200-21– Félagliði á heimili fyrir fatlaða (FOSS) – endurmat - *Samþykkt*

Foss – *Viðstaddur stéttarfélagssfulltrúi:* Árni Egilsson
Starf samþykkt með 434 stigum meðfylgjandi er bókun stéttarfélagssfulltrúa

434	60	26	39	39	39	30	40	30	39	13	13	26	40
-----	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----	----

Bókun stéttarfélagssfulltrúa vegna mats á störfum félagsliða.

Með auglýsingu mennta- og menningarmálaráðherra nr. 361/2021, dags. 17. mars 2021, sem birtist í Stjórnartíðindum þann 31. mars 2021, hafa námslok félagsliða verið færð af 2. á 3. hæfnisþrep (hæfniramma um íslenska menntun).

Starf „Félagsliði á heimili fyrir fatlaða“ í Árborg krefst félagsliðamenntunar. Tillaga að mati á starfinu er því samþykkt á öðrum þáttum en 1. þætti, þ.e. þekkingarþættinum.

Álit fulltrúa stéttarfélaganna í starfsmatsnefnd er að þekkingarþátturinn eigi ekki að vera á 3. þrepi með 60 stig, heldur 4. þrepi með 80 stig, samanber auglýsingu mennta- og menningarmálaráðherra frá 17. mars 2021

Um þessa breytingu ríkir samkomulag sem gildir frá og með 1. janúar 2022, samanber samkomulög sem Reykjavíkurborg gerði annars vegar við Eflingu stéttarfélag 26. okt. 2021 og Sameyki - stéttarfélag í almannajónustu hins vegar sem gert var 30. nóv. 2021.

Það er bæði eðlilegt og nauðsynlegt að öll störf félagsliða fái sama mat þar sem um sama starfsmatskerfið er að ræða, enda um sömu kröfur í störf að ræða þegar að þekkingarþættinum kemur.

Borgarbyggð: 3609-3– Akstur fatlaðra/aldraðra og húsvarsla – endurmat - *Frestað*

Kjölur – *Viðstaddur stéttarfélagssfulltrúi: Arna Jakobína Björnsdóttir*

Slökkvilið - Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna (LSS)

Endurmat – 5 ára endurskoðun

Slökkviliðsmaður fornam - *Frestað*

Sjúkraflutningamaður (EMT-B) - *Frestað*

Slökkviliðsmaður með löggildingu - *Frestað*

Slökkviliðs- og sjúkraflutningamaður (EMBT-B) - *Frestað*

Slökkviliðs- og sjúkraflutningamaður (EMT-I) - *Frestað*

Sjúkraflutningamaður með neyðarflutninganám (EMT-I) - *Frestað*

Aðstoðarvarðstjóri (LSS) - *Frestað*

Varðstjóri (LSS)– *Frestað*

Nýtt mat

Slökkviliðsstjóri A – (sólarhringsvakt + sjúkraflutningar) - *Frestað*

Slökkviliðsstjóri B – (dagvaktir + bakvaktir) - *Frestað*

Slökkviliðsstjóri C – Í hlutastarfi með útkallslið - *Frestað*

Varaslökkviliðsstjóri í fullu starfi - *Frestað*

Varaslökkviliðsstjóri hlutastarfandi – *Frestað*

II. Önnur mál

- a) Jólafri framkvæmdarnefndar starfsmats, verkefnastofa leggur til að næsti fundur verði 25. janúar bæði vegna hátíða og vegna flutninga verkefnastofu. Eftir áramót verða fundir framkvæmdarnefndar starfsmats haldnir á þriðjudögum milli 10:00-12:00.
- b) Lengra nám félagsliða umræða.
- c) 5 ára endurskoðun. Fyrirspurn um gang mála og yfirferð yfir stöðuna.

Fundi slitið 11:30